

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 331. fundur

Föstudaginn 20. nóvember 2020 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn sem var fjarfundur hófst kl. 11:00.

#### Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Ásgeir Sveinsson (ÁS) og Helga Ingólfssdóttir (HI), öll í fjarfundi.

Fjarverandi voru Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) og Gunnar Valur Gíslason (GVG), bæði vegna tengingarörðugleika.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs.

#### Dagskrá fundar:

1. Drög að starfsáætlun 2021.
2. Útboð á leigubílaakstri í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.
3. Samningur við FARA AS vegna tafa.
4. Samningur við Vegagerðina vegna landsbyggðarvagna.
5. Önnur mál.
  - a. Fyrirspurn frá Flokki fólksins í Reykjavík.
  - b. Markaðsátak vegna leiðar 19 í Hafnarfirði.
  - c. Þemavagn í jólamánuðinum.

#### Tekið fyrir:

##### 1. Drög að starfsáætlun 2021.

---

Lögð voru fram drög að starfsáætlun fyrir árið 2021.

##### 2. Útboð á leigubílaakstri í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

---

Fyrir fundinum lágu lokaútgáfa á útboðsgögnum fyrir leigubílaakstri í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk ásamt minnisblaði frá Erlendi Pálssyni sviðsstjóra Pant.

Gögnin verða send til borgar- og bæjarstjóra Reykjavíkur, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes til samþykkis. Í framhaldi af því tekur stjórn Strætó málið til afgreiðslu.

Stjórn óskar eftir minnisblaði frá framkvæmdastjóra Strætó um stjórnsýslu vegna verkefnis um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og fötluð skólabörn.

##### 3. Samningur við FARA AS vegna tafa.

---

Fyrir fundinum lágu fyrir drög að samkomulagi við FARA AS vegna tafa á afhendingu rafræns greiðslukerfis og rekja má til FARA AS.

Stjórn samþykkir að heimila framkvæmdastjóra að ganga frá samkomulagi við FARA AS á grundvelli þeirra.

#### 4. Samningur við Vegagerðina vegna landsbyggðarvagna.

---

Framkvæmdastjóri Strætó fór yfir drög að þjónustusamningi við Vegagerðina um skipulag og framkvæmd almenningsgangna á landsbyggðinni. Þjónustusamningurinn byggir á grunni samnings sem var í gildi milli Strætó og landshlutasamtaka sveitarfélaga (samtök sveitarfélaga á Suðurlandi, samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Eyþing) sem áður sáu um þessa þjónustu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga frá þjónustusamningi við Vegagerðina á grundvelli fyrirbyggjandi draga.

#### 5. Önnur mál

---

- a) Fyrirspurn, dags. 12.11.2020, frá Flokki fólksins í Reykjavík varðandi endurmenntun atvinnubílstjóra hjá Strætó. Stjórn fól framkvæmdastjóra að svara fyrirspurninni.
- b) Markaðsáttak vegna kynningar á nýrri leið 19 í Hafnarfirði. Markaðs- og söludeild Strætó vinni í samráði við fulltrúa Hafnarfjarðar kynningu á leið 19.
- c) Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd að þemavagni í jólamánuðinum.

Fundi slitið kl. 11:25.

#### Fylgiskjöl:

---

Hjálmar Sveinsson

---

Karen Halldórsdóttir

---

Helga Ingólfssdóttir

---

Ásgeir Sveinsson